

send-a *so. vb.-i – heyra*
[-i]

– ég sendi þér bréf

‡ • forsenda

nema *st.*

– ég kemst ekki nema ég fái bílinn

‡

hvort *st.*

– spurðu hvort þú getir fengið far!

‡ hvárt

nein-n *fn.*
[-, neitt]

– ég sá ekki neinn

‡

lækni-r *kk. – hestur*
[-s, læknar]

– ég þarf að fara til læknis

‡

flytja *so. vb.-0 – leggja*
[flutti, fluttum, flutt]

– við fluttum í nýtt hús í haust
– hann flutti fyrirlestur um jökla

‡

kaupa *so. vb.-ór.*
[keypti, keyptum, keypt]

– ég þarf að kaupa ávexti

‡ • kaup, kaupmaður, brúðkaup

bæt-a *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– bættu salti út í súpuna

‡ bæta

gaman *hk. et. – hús B*
[-s]

– finnst þér gaman að elda mat?

‡

fjall *hk. – hús Ö*
[-s, fjöll]

– fjallið Hekla er eldfjall

‡ • eldfjall

leyti *hk. ób.*

– systkinin eru að mörgu leyti ólík

‡ hleyti/hleti/hlæti

bát-ur *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– hann er á bát frá Grindavík

‡ bátur » skip

eðlileg-ur *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– þetta er ekki eðlilegt

‡ • eðli » venjulegur, algengur « óeðlilegur

lifandi *lo. ób.*

– þú mátt vera feginn að hafa sloppið lifandi

‡ • lifa, líf, mannlíf « dauður, látinn

djúp-ur *lo. – gulur*
[-, -t; dýpri, dýpstur]

– á Þingvöllum eru djúpar gjár

‡ djúpr

kirkj-a *kvk. – stofa*
[-u, -ur; [ef.ft] kirkna]

– hún fer alltaf í kirkju á sunnudögum

‡ • kirkjugarður